

Miðvikudaginn 24. maí 1995.

Nr. 97/1995.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Ara Kristjáni Runólfssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Hylming. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 20. mars 1995. Krefst ákærði sýknu af sakargiftum samkvæmt C-lið ákæru og að refsing samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði milduð.

Ákærvaldið krefst staðfestingar á sakfellingu ákærða, að því er varðar sakarefni samkvæmt C-lið ákæru, og jafnframt þyngingar á refsingu ákærða. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins.

Af hálfu meðákærðu hefur dómi héraðsdóms ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Með vísan til forsendna héraðsdómara verður staðfest sakfelling ákærða samkvæmt C-lið ákæru. Eru brot hans samkvæmt þeim lið og B-lið ákærunnar réttilega heimfærð til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins 17. janúar 1995 var ákærða veitt reynslulausn 29. júní 1993, skilorðsbundið í tvö ár, á 160 daga eftirstöðvum fjögurra refsídóma. Eftir að þau brot voru framin, er í ákæru greinir, tók stofnunin ákvörðun, sbr. heimild í 2. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, um það, að ákærði skyldi afplána þessar eftirstöðvar. Hóf hann afplánun þeirra 2. nóvember 1994.

Ekki nýtur beinna upplýsinga í málinu um líklegt verðmæti þeirra muna, er stolið var úr sumarbústöðum í Skorradal, sbr. B-lið ákæru.

Að virtu því, er að framan greinir, og atvikum málsins að öðru

leyti verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af 2. mgr. 70. gr., 77. gr. og 255. gr. laga nr. 19/1940, en til þessara ákvæða er ekki sérstaklega vísað í héraðsdómi, þótt ætla megi, að þau hafi verið höfð til hliðsjónar. Samkvæmt þessu og með vísan til 3. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, telst refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 6 daga. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ari Kristján Runólfsson, sæti fangelsi í 9 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma 6 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Gunnars M. Guðmundssonar

Ég tel, að staðfesta eigi hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans. Ég er samþykkur dómi Hæstaréttar um áfrýjunarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 15. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 46/1995: Ákærvaldið gegn Ara Kristjáni Runólfssyni, X, Y, Z og P, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 10. janúar sl., á hendur ákærðu, Ara Kristjáni Runólfssyni, Hólabergi 8, kt. 271267-592, X, Y, Z og P, öllum til heimilis í Reykjavík, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin árið 1994:

— — —
 B. Ákærðu Ara Kristjáni, Y og Þ er gefið að sök að hafa framið í félagi eftirgreinda þjófnaði aðfaranótt miðvikudagsins 26. október.

1.

Stolið dekki á felgu undan bifreiðinni HK-954 við Miðholt 7 í Mosfellsbæ.

2.

Aðfaranótt miðvikudags 26. október brotist inn í eftirgreinda sumarbústaði í landi Vatnsenda í Skorradalshreppi, Borgarfjarðarsýslu, og stolið þar verðmætum:

1) Sumarbústað nr. 12, eign Landssambands íslenskra útvegsmanna, og stolið sjónvarpi og borðlampa.

2) Sumarbústað nr. 15, eign starfsmannafélags Hafnarfjarðar, og stolið sjónvarpi, brauðrist, tveimur teppum, fjórum koddum, veggklukku og rafmagnsþeytara.

3) Sumarbústað nr. 16, eign Sólar hf., og stolið sjónvarpi, borðlampa og tösku með verkfærum.

4) Sumarbústað nr. 22, eign Jóns Þórs Hannessonar, kt. 110644-4859, og stolið sjónvarpi, tveimur hátölurum, myndbandstæki, tösku með verkfærum, rafmagnsborvél, tveimur olíulömpum, bol, fjórum uppteknum áfengisflöskum og sambyggðu útvarpi, segulbandstæki og geislaspilara.

5) Sumarbústað nr. 24, eign Guðmundar Ingólfssonar, kt. 240943-3289, og stolið sjónvarpi og klukku.

6) Sumarbústað nr. 26, eign Íslenska álfélagsins, og stolið hraðsuðukatli og þremur pottum.

7) Sumarbústað nr. 49, eign Ólafs R. Magnússonar, kt. 150824-3119, og stolið brauðrist, hita- og loftþyngdarmæli, sjónauka, pönnu, bók, fjórum uppteknum áfengisflöskum, tveimur spennubreytum og lítilli ryksugu.

Telst háttsemin samkvæmt B-kafla ákæru varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

C. Ákærðu Ara Kristjáni, Z, X og Þ er gefin að sök hylming með því að hafa í október haft undir höndum ljósmyndavörur og ráðstafað þeim, svo sem rakið verður, þrátt fyrir það að þeir vissu, að vörurnar voru þýfi:

Ákærði Þ afhent ákærða Ara Kristjáni á heimili sínu að Ljósheimum 20, Reykjavík, tvær ljósmyndavélar af gerðinni Hallselblad ásamt ljósmynda-töskum, símtæki, símsvara, fjórum linsum, leifturljósi, þremur filmuhylkjum, linsuhlíf, tveimur ljósmælum og fleiri hlutum til ljósmyndunar, allt samtals að verðmæti um 1.700.000 kr.

Ákærði Ari Kristján hafi farið með ofangreint þýfi á þáverandi heimili ákærða Z að [...], Kópavogi.

Ákærði Z tekið við ofangreindum hlutum til varðveislu hjá ákærða Ara Kristjáni á heimili sínu í Kópavogi og haft þýfið í sínum vörslum, allt nema aðra ljósmyndavélina, þar til lögreglan lagði hald á þýfið á heimili ákærða 27. október.

Ákærðu Z og X er gefið að sök að hafa 17. október selt aðra ljósmyndavélina hjá veðlánara í Amsterdam fyrir 1.500 hollensk gyllini.

Telst háttsemin samkvæmt ákærulið C varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Við meðferð málsins var lýst yfir því af hálfu ákæruvaldsins, að rangt væri í ákæru, að önnur ljósmyndavélin, sem greinir í C-kafla ákæru, hafi verið seld. Hið rétta sé, að hún hafi verið veðsett.

Málavextir.

Ákærðu hafa skýlaust játað það atferli, sem þeir eru saksóttir fyrir, að undanskildum sakargiftunum í C-lið ákæru. Með þeirri undantekningu má þegar fullyrða, að þeir hafi allir orðið sekir um þau brot, sem greinir í ákær- unni og réttilega eru þar færð til refsíákvæða.

Verður nú gerð grein fyrir málavöxtum, að því er varðar þennan kafla ákæru.

Telja verður sannað með skýrslum ákærðu og hliðsjón af öllum atvikum, að þeim hafi hlotið að vera ljóst, þegar þeir sáu varninginn, sem ákært er út af, að hann væri stolinn eða fenginn með auðgunarbroti. Hafa ákærðu Ari Kristján, Þ og X orðið sekir um athæfi það, sem þeim er gefið að sök í ákæru, og brotið gegn 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

Ósannað er gegn neitun ákærða Z, að hann hafi tekið við öðru en ljós- myndavélinni, sem þeir X fóru með til Amsterdam, og ber því að sýkna hann af ákærinni að því leyti, það er að segja 4. málsgrein C-kafla. Ber því aðeins að sakfella hann fyrir hylmingu með vél þessa, sbr. 5. mgr. kaflans. Hefur hann með þessu einnig orðið brotlegur við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingar, skaðabætur og sakarkostnaður.

Ákærði Ari Kristján hefur frá því á árinu 1983 verið dæmdur 17 sinnum fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Þá hefur hann verið sektaður nokkrum sinnum á þessu tímabili, aðallega fyrir fíknilagabrot. Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Frá refsingunni ber að draga 6 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ari Kristján Runólfsson, sæti fangelsi í 12 mánuði. Frá refsingunni dregst 6 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

— — —

Ákærðu, Ari Kristján, X, Z og Þ, greiði óskipt 45.000 krónur í sak-sóknarlaun í ríkissjóð. Ákærði Ari Kristján greiði Hilmar Ingimundar-syni hæstaréttarlögmanni 45.000 krónur í málsvarnarlaun [...]. Allan sakarkostnað, að slepptum réttargæslulaunum, greiði ákærðu óskipt.
